

Alþingi
Erindi nr. Þ 140/742
komudagur 9.12.2011

Reykjavík, 9. desember 2011


Velferðarnefnd Alþingis
b.t. Sigrúnar Helgu Sigurjónsdóttur,
ritara nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík.

Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um reglubundnar árlegar heimsóknir til eldri borgara í forvarnarskyni, 21. mál.

Eins og fram kemur í greinargerð með tillögunni er góð reynsla af því í Danmörku að bjóða þeim sem eru 75 ára og eldri árlega heimsókn í forvarnarskyni. Slíkt fyrirkomulag er því einnig líklegt til árangurs hér. Þó ber að athuga að rúmlega 18.500 íslendingar eru 75 ára og eldri, og því getur umfang þessarar þjónustu orðið mikið. Því þarf að afmarka verkefnið vel. Gera má ráð fyrir að starfsmenn heimþjónustu muni vinna að forvörnum fyrir sína skjólstæðinga og því er ekki þörf á þessari þjónustu fyrir þá. Einungis verði miðað við heimsóknir einu sinni á ári, nema í sérstökum tilvikum, og ljóst sé að verið er að bjóða þessa þjónustu og einstaklingnum því í sjálfs vald sett hvort hann þiggur slíka heimsókn.

Að öðru leyti gerir Landspítali ekki athugasemd við þingsályktunartillöguna.

Virðingarfyllst,



Anna Stefánsdóttir

Framkvæmdastjóri hjúkrunar á Landspítala